

Alþingi
Erindi nr. P 139/1927
komudagur 4.4.2011



Alþingi
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Ísafjörður 4. apríl 2011

Umsögn til Iðnaðarnefndar Alþingis, tillaga til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011–2020, mál 467.

Við er til tölvubréfs frá Iðnaðarnefnd, dagsett 24. mars 2011 þar sem óskað er umsagnar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða um ofangreinda tillögu til þingsályktunar um ferðamálaáætlun.

1. Áherslur landshluta.

Í kafla 1.4 er farið mjög lauslega yfir þær áherslur sem greina má í áherslum landshluta, sérstöðu þeirra og tækifærum. Byggt er á viðtölum við forstöðumenn markaðsstofa og vefsíðum landshluta. Þar segir um Vestfirði:

1.4.3 Vestfirðir.

Á Vestfjörðum hefur nokkuð áunnist við að draga fram sérstöðuna og nefna má Galdrasýningu á Ströndum, skrimslasetur á Bildudal, melrakkasetur í Súðavík og fjölbreytta sjávar tengda afþreyingu frá Ísafirði og fleiri stöðum. Tækifæri á sviði vatns- og sjávar tengdrar afþreyingar, sem Vestfirðir hlutu nýlega EDEN-verðlaun Evrópusambandsins fyrir, eru þó nokkur á svæðinu og mikil uppbygging hefur verið tengd sjóstangaveiði á nokkrum stöðum.

Þó nokkuð hefur áunnist, við að draga fram áherslur innan svæðisins, en þessa upptalningu ber ekki að taka sem skilgreiningu fyrir sérstöðu Vestfjarða. Í stefnumótun vestfirskrar ferðaþjónustu fyrir árin 2010-2015¹ sem unnin var í nánu samstarfi Ferðamálasamtaka Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og ferðaþjóna á Vestfjörðum, er skilgreint hver sérstaða Vestfjarða er;

Ösnortin náttúra, einstök friðsæld og öðruvísi upplifun.

Ösnortin náttúra: Hreinleiki, eyðifirðir, Hornstrandir, Látrabjarg, Dynjandi, náttúruleugar, fuglar og heimskautarefur, eyjarnar í Breiðafirði, friðlönd

Einstök friðsæld: Afskekkt, fámenni, rólegheit, víðátta, kyrrð

Öðruvísi upplifun: útivist í ösnortinni náttúru, matarmenning, galdramenning, sjávarþorp, gömul hús, tónlist, afslappað viðmót og gestrisni Vestfirðinga

Sú sérstaða sem hér er sett fram miðast við niðurstöður vinnufunda með hagsmunadailum í ferðaþjónustu á Vestfjörðum, niðurstöður kannana meðal ferðamanna og niðurstöður frá þjóðfundi 2010 sem haldin var í Bolungarvík í janúar 2010 sem liður í sóknaráætlun 2020.

¹ http://www.atvest.is/userfiles/files/STEFNUMOTUN_A5.pdf

2. Rannsóknir

Rannsóknir í ferðaþjónustu er verulega ábótavant, sér í lagi á þeim stöðum sem eru minna þróaðir en þar er grunnur til vöruþróunar víða veikur. Forsenda þess að vel til takist við uppbyggingu nýrra áfangstaða og vöruþróunnar sem miðar að því að lengja ferðamannatímann er að efla grunnrannsóknir og að þær rannsóknir og kannanir sem til eru séu aðeggnilegar. Mikilvægt er því að með þeim verkefnum sem lagður er fram varðandi rannsóknir í ferðaþjónustu fylgi það fjármagn sem til þarf í grunnrannsóknir. Landshlutar eru mis langt komnir með grunnrannsóknir sökum þess að aðgengi að þekkingu er mismunandi og stærð og bolmagn fyrirtækja í ferðaþjónustu mis mikið til að geta staðið fyrir þeim rannsóknum sjálf. Til að sú þekkingaryfirfærsla sem lögð er á í áætluninni eigi sér stað þarf að vinna að grunnrannsóknum og mikilvægt er að sú vinna sé unnin með heimamönnum.

3. Ferðaþjónusta og stoðkerfi

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða fagnar því að nú sé komin markviss stefna í því að dreifa ásókn ferðmann um landið og að byggja eigi upp fleiri áfangastaði en með tilliti til þolmarka. Vestfirðir eru og hafa verið í mikilli sókn undanfarið og mörg verkefni áunnist með góðu samstarfi ferðaþjóna og stoðkerfis. Slík samvinna og samstarf er forsenda þess að greinin haldi áfram að þróast enn frekar í þá átt að verða arðbær atvinnugrein og því beri að líta til þeirra góðu tengsla og trausts sem Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur við grasrótina þegar kemur að því að vinna að þeim verkefnum sem sett eru fram í aðgerðaráætlun Ferðamálaáætlunar.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða vekur einnig athygli á að sveitarfélög á Vestfjörðum hafa um langt skeið stutt með myndarskap við markaðssetningu í ferðaþjónustu á Vestfjörðum, nú síðustu ár til Markaðsstofu Vestfjarða og til reksturs upplýsingamiðstöðva. Áætlað framlag á árinu 2010 nam um 15 mkr sem er um 2.100 kr pr íbúa. Þessi framlög voru hærri árin á undan, en hafa lækkað vegna hagræðingarkröfu.

f.h. Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.



Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.